


# Minnisblað- Ruslahreinsun á Hornströndum 2021

**Tímasetning:** Stefnt er að seinnihluta júní mánaðar 2021 með fyrirvara um veður og verkefni varðskips

**Tilgangur:** Tilgangur ferðarinnar hefur verið tvíþættur, annars vegar að hreinsa strandlengjur friðlandsins á Hornströndum og vonandi verða öðrum innblástur um að hreinsa sitt nærsvæði. Hins vegar að reyna að fá fólk til þess að huga að neyslu sinni og umgengni með plast, á það bæði við almenning og sjómenn. Vilji okkar sem stöndum fyrir hreinsuninni er að kynna verkefnið enn betur til þess að nái fyrrnefndum markmiðum. Á heimasíðu okkar eru settar inn nánari upplýsingar um hreinsunina. <https://www.facebook.com/hreinnihornstrandir/>



**Árangur:** Hreinsunin hefur verið farin fyrir tilstuðlan heimamanna á Ísafirði í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir sjö ár í röð eða frá árinu 2014. Samtals hafa safnast rúmlega 36.5 tonn af plasti þessi ár, mest megnis plast og netadræsur tengt útgerð en þónokkuð af plasti sem á uppruna sinn að rekja af landi og berst úti sjóinn.

**Svæðið sem er undir:** Þar sem fyrstu umferð yfir helstu rekastaðina innan friðlandsins er lokið er nú stefnt að því að hefja aðra umferð yfir friðlandið og byrja þar sem fyrsta hreinsunin fór fram árið 2014 í Hlöðuvík.

**Fyrirkomulag:** Stefnan er að fara á föstudegi, gangandi eða siglandi yfir í Hlöðuvík þar sem gist yrði í tjöldum. Hreinsaðar yrðu fjörurnar á föstudegi og laugardegi og siglt til baka með ruslið á laugardegskvöldi með varðskipi Landhelgisgæslunnar.

**Beiðni um hlutverk Ísafjarðarbæjar:** Við hjá Hreinni Hornströndum viljum fara þess á leit við Ísafjarðarbæ að framlag bæjarfélagsins til verkefnisins verði það sama og undanfarin ár, að upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar haldi utanum skráningu í ferðina og Ísafjarðarbær kosti förgun á ruslinu. Framlag Ísafjarðarbæjar hefur verið mjög mikils virði frá upphafi og þáttaka bæjarfélagsins ein af meginstöðum hreinsunarinnar.



*Sjálfbóðaliðar vitja neta í Barðsvík*

Fyrir hönd Hreinni Hornstranda

Gauti Geirsson